

Fundargerð.

Stjórnarfundur nr. 106.

Vinnufundur stjórnar Norðurár bs., haldinn í Stekkjarvík 5. október 2022 kl 16:00. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Sveinn F. Úlfarsson og Snorri Finnlaugsson áheyrnarfulltrúi var í fjarfundarbúnaði. Einnig sat fundinn Elvar Bjarki Gíslason, nýráðinn verkstjóri hjá Norðurá bs og Gunnar Svavarsson frá Verkfræðistofunni Eflu undir lið 2. Einar E. Einarsson, ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Kynning frá Súrefni um kolefnisjöfnun – Teams
2. Stækkun hólfs fyrir úrgang - Gunnar Svavarsson - Teams
3. Fundargerðir 102, 103, 104. og 105. fundar stjórnar.
4. Starfsmannamál staðfesting ráðningarsamnings
5. Almennt um rekstur
 - a. Magn úrgangs
 - b. Rekstrartölur úr bókhaldi
6. Önnur mál

1. Kynning frá Súrefni ehf um kolefnisjöfnun – Teams.

Féll niður vegna óviðráðanlegra ástæðna.

2. Stækkun hólfs fyrir úrgang

Gunnar Svavarsson frá Verkfræðistofunni Eflu gerði grein fyrir stöðunni, en í núverandi hólfi (hólf II), eru samkvæmt nýlegum mælingum um 140.000 m³ lausir. Gert er ráð fyrir að hólfið verði fullnýtt í lok árs 2024. Gunnar gerði grein fyrir legu og útfærslu á fyrirhugaðri stækkun og lagði fram tillögu að tíma- og framkvæmdaáætlun þar sem gert er ráð fyrir að verkið verði boðið út í upphafi árs 2023 og að framkvæmdum ljúki á seinnihluta sama árs. Samþykkt að áfram verði unnið að undirbúningi framkvæmdar og gerð útboðsgagna samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum en endanlegur verktími innan ársins 2023 verður ákveðinn síðar.

3. Fundargerðir 102, 103, 104 og 105 fundar stjórnar.

Fundargerðir frá fundum nr. 102, 103, 104 og 105 formlega bornar upp til staðfestingar og samþykktar samhljóða. Magnús B. Jónsson sat hjá við afgreiðslu fundargerða frá þeim stjórnarfundum sem hann sat ekki.

4. Starfsmannamál, staðfesting ráðningarsamnings



Samþykktur samhljóða ráðningasamningur við Elvar Bjarka Gíslason en hann var ráðinn nýr verkstjóri í Stekkjarvík á stjórnarfundum 14. Júlí sl.

Jafnframt liggur fyrir að Fannar Viggósson sem verið hefur verkstjóri frá upphafi, en er nú í veikindaleyfi gerir ekki ráð fyrir að koma aftur til starfa. Magnúsi falið að vinna málið áfram.

5. Almenn um rekstur

a. Magn úrgangs og fleira.

Elvar gerði grein fyrir því að búið væri að urða á árinu og til loka september 15.600 tonn. Er það ca. 900 tonnum meira magn úrgangs en urðað var á sama tímabili síðasta árs.

Elvar fór einnig yfir ástand og stöðu tækja. Sagði hann meðal annars að hjólaskóflan væri kominn til ára sinna og að huga þyrfti að endurnýjun á henni nema þá að breytt yrði um aðferð við að flytja til efni til að hylja með. Ákveðið að skoða það mál áfram og kostnaðargreina ásamt því að kanna möguleika og kostnað við að endurnýja beltagröfu. Elvari falið að vinna málið áfram.

Farið yfir frekari möguleika á fókvrörnum en eftir því sem hækkar í gryfjunni verður verkefnið að halda ruslinu á sínum stað meira krefjandi. Ekki talið raunhæft að fara í stóra flytjanlega vegg. Ákveðið að halda þeirri vinnureglu áfram að staðnum er lokað fari vindhraði yfir 12 m/sek.

Elvar gerði einnig grein fyrir þeirri vinnu sem í gangi er við uppfærslu og yfirferð á fyrirliggjandi brunaáætlun.

b. Rekstrartölur úr bókhaldi

Magnús lagði fram yfirlit um reksturinn fyrstu 7 mánuði ársins. Tekjurnar eru aðeins hærri en áætlað var og sama má segja um gjöldin. Í gjöldunum munar þó mest um hærri fjármagnskostnað en áætlað var vegna hærri vaxta og verðbólgu. Rekstarniðurstaða fyrstu 7 mánaða er því vel ásættanleg.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundi slitið kl. 18:00

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Sveinn Úlfarsson

Snorri Finnlaugsson

Elvar Bjarki Gíslason